


Rekstur sjóðsins fyrstu 8 mánuði ársins


Samkvæmt átta mánaða árshlutauppgjöri námu eignir sjóðsins rúmum 111 milljörðum króna þann 31. ágúst sl. og höfðu hækkað um 5,7 milljarða frá áramótum. Nafnávöxtun tryggingadeildar sjóðsins síðastliðna 12 mánuði var 7,9% sem jafngildir 2,7% raunávöxtun. Frá miðju þessu ári hefur ávöxtun sjóðsins hins vegar lækkað vegna verðlækkana á erlendum hlutabréfamörkuðum og er raunávöxtun sjóðsins á ársgrundvelli 1,2% frá síðustu áramótum.

Iðgjöld tryggingadeildar sjóðsins námu rúmum 2,9 milljörðum fyrstu átta mánuði ársins, sem er 2,1% aukning frá sama tíma árið áður. Lífeyrisþegar síðastliðna 12 mánuði voru 5.234 og námu greiðslur til þeirra alls 2,1 milljarði króna á fyrstu átta mánuðum ársins, sem er 1,9% hækkun frá sama tíma árið áður.

Skipting lífeyrisgreiðslna



Eignaskipting tryggingadeildar 31. ágúst 2011



Iðgjöld séreignardeildar námu 222 milljónum króna og útgreiðslur 393 milljónum króna, en tæplega 80% þeirrar fjárhæðar er vegna útgreiðslna á grundvelli tímabundinnar heimildar til úttekta á séreignarsparnaði. Þrátt fyrir auknar útgreiðslur vegna sérlaga hefur hrein eign séreignardeildar aukist um rúmlega 200 milljónir frá sama tíma árið áður og er rúmir 4,9 milljarðar króna.

Nánari upplýsingar um niðurstöður árshlutareiknings og nokkrar helstu kennitölur má sjá á bls. 3.

Kona í fyrsta skipti kosin stjórnarformaður sjóðsins

Auður Hallgrímsdóttir var kosin formaður stjórnar Sameinaða lífeyrissjóðsins að loknum ársfundi sjóðsins 19. maí 2011. Auður er fyrsta konan sem gegnir formennsku í lífeyrissjóði þar sem meginþorri sjóðfélaga kemur úr stétt iðnaðarmanna, en þess má geta að karlar eru 92% virkra félaga í Sameinaða lífeyrissjóðnum. Auður hefur setið í stjórn sjóðsins sl. 3 ár en hún situr jafnframt í stjórn Málms, félags málm- og skipasmiða. Auður rekur ásamt fjölskyldu sinni Járnsmiðju Óðins í Kópavogi. Í samþykktum Sameinaða lífeyrissjóðsins er kveðið á um að formaður stjórnar skuli valinn til skiptis úr röðum fulltrúa stéttarfélaga og fulltrúa atvinnurekanda. Fráfarandi formaður, Þorbjörn Guðmundsson var nú kjörinn varaformaður stjórnar.



Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins er nú þannig skipuð að fulltrúar stéttarfélaga eru þeir Georg Páll Skúlason, Gylfi Ingvarsson og Þorbjörn Guðmundsson, en fulltrúar atvinnurekanda eru Auður Hallgrímsdóttir, Jón Bjarni Gunnarsson og Sveinbjörn Hjálmarsson. Varamenn stéttarfélaga í stjórninni eru Hákon Hákonarson, Kristján Örn Jónsson og Sveinn Ingason, en varamenn fyrir atvinnurekendur eru Guðrún Jónsdóttir, Hanna Þórunn Skúladóttir og Ingólfur Sverrisson.

Ársfundur 2011

Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins var haldinn 19. maí 2011 og var hann að vanda vel sóttur. Auk venjulegra ársfundarstarfa flutti Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, áhugavert erindi um framtíðarsýn í orkumálum. Ársreikningur sjóðsins fyrir árið 2010 var samþykktur, en hann sýndi jákvæðan viðsnúning sem varð í rekstri sjóðsins á árinu. Raunávöxtun sjóðsins var 2% sem er besta útkoman sl. 4 ár. Eignir sjóðsins höfðu aukist um 6,2 milljarða króna á árinu og voru heildareignir rúmir 105 milljarðar króna í lok árs. Ágæt ávöxtun var í séreignarsparnaði sjóðsins, en raunávöxtun ávöxtunarleiðanna var 5,5% til 8,9% á árinu.

Á heimasíðu sjóðsins, www.lifeyrir.is, má nálgast upplýsingar um ársfundinn; skýrslu stjórnar, glærur, fundargerð og fleiri myndir en hér eru birtar. Þá er vakin athygli á því að fjárfestingarstefnan ásamt áhersluatriðum er birt í heild á heimasíðunni.



Löggjald til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs lögfest

Athygli launagreiðenda til sjóðsins er vakin á því að frá og með 1. september sl. var launagreiðendum skylt, með breytingu á lögum nr. 129/1997, að greiða 0,13% af heildarlaunum allra starfsmanna sinna til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs. Löggjaldið skal greiðast samhliða lífeyrissjóðsiðgjöldum í öllum tilvikum, jafnt vegna launamanna og

sjálfstæðra atvinnurekenda. Í samræmi við þessa lagasetningu tryggja allir starfandi einstaklingar sér rétt til starfsendurhæfingar og njóta til þess þjónustu VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs. Ítarlegar upplýsingar um starfsemi sjóðsins má fá á heimasíðu hans, www.virk.is.

Helstu niðurstöður árshlutareiknings

Tryggingadeild, 31. ágúst 2011

Allar tölur í þúsundum króna

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	01.01–31.08 2011	01.01–31.12 2010
Lögöld	2.961.496	4.543.532
Lífeyrir	-2.122.484	-3.113.754
Fjárfestingartekjur	4.969.638	4.664.765
Fjárfestingargjöld	-83.083	-127.497
Rekstrarkostnaður	-80.971	-124.914
Breyting á hreinni eign á tímabilinu:	5.644.596	5.842.132
Hrein eign í upphafi tímabils:	100.590.827	94.748.695
Hrein eign til greiðslu lífeyris í lok tímabils:	106.235.423	100.590.827

Efnahagsreikningur	pr. 31.08 2011	pr. 31.12 2010
Verðbréf með breytilegum tekjum	33.543.910	32.260.824
Verðbréf með föstum tekjum	54.312.649	52.411.911
Veðlán	17.203.913	15.770.550
Fullnustueignir	273.656	219.394
Bankainnstæður	4.089.729	2.644.955
Húseignir og lóðir	147.724	94.882
Kröfur	606.153	618.333
Annað	2.920	4.801
Eignir samtals:	110.180.654	104.025.651
Skuldir:	-3.945.231	-3.434.824
Hrein eign til greiðslu lífeyris í lok tímabils:	106.235.423	100.590.827

Lífeyrisskuldbindingar		
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	-11.935.000	11.123.000
Sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum	-9,7%	-9,6%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	-11.218.000	-10.332.000
Sem hlutfall af heildarskuldbindingum	-6,2%	-5,9%

Kennitölur		
Hrein raunávöxtun miðað við vísitölu neysluverðs*	2,7%	2,0%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár	-5,0%	-2,7%
Eignir í ísl. kr.	72,8%	72,8%
Eignir í erl. mynt	27,2%	27,2%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	9.721	9.886
Fjöldi lífeyrisþega	5.234	5.073
Kostnaður í % af eignum**	0,11%	0,12%

*) Sl. 12 mánuði

**) Á ársgrundvelli



Séreignarsparnaður 2011

Innlend skuldabréf hafa skilað ágætri ávöxtun það sem af er ári og kemur það fram í þeim leiðum séreignarsparnaðar sjóðsins þar sem hlutfall þeirra er hátt, mest í Aldursleið 4. Hins vegar koma áhrif af miklum lækkunum á hlutabréfamörkuðum erlendis á síðustu mánuðum fram í lakari ávöxtun annarra leiða, einkum Aldursleiða 1 og 2. Þá hafa vextir á innlánsreikningum banka og sparisjóða farið lækkandi að undanfögnu sem skilar sér í lækkandi ávöxtun Innlánsleiðar sjóðsins.

Ávöxtun séreignarsparnaðar til 31. okt. 2011, á ársgrundvelli

	Aldursleið 1	Aldursleið 2	Aldursleið 3	Aldursleið 4	Innlánsleið
Nafnávöxtun frá 1. jan. 2011	4,9%	7,8%	10,8%	13,6%	8,8%
Raunávöxtun frá 1. jan. 2011	-0,9%	1,8%	4,7%	7,3%	2,8%
Raunávöxtun sl. 5 ár	-0,1%	1,3%	2,0%	2,8%	- *

*) Stofnuð í okt. 2008

Upplýsingar um ávöxtun yfir lengri tímabil og eldri ávöxtunarleiðir eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins, www.lifeyrir.is. Á sjóðfélagsvef heimasíðunnar er einnig hægt að fylgjast með framvindu eigin séreignarsparnaðar, sem uppfærður er daglega.

Eignaskipting séreignarsparnaðarleiða 31. október 2011

	Aldursleið 1	Aldursleið 2	Aldursleið 3	Aldursleið 4	Innlánsleið
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	31%	44%	58%	71%	
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	6%	8%	11%	13%	
Veðskuldabréf	4%	6%	7%	9%	
Önnur skuldabréf	1%	2%	2%	2%	
Innlend hlutabréf	6%	5%	3%		
Erlend hlutabréf	49%	32%	15%		
Innlán í bönkum og sparisjóðum	3%	3%	4%	5%	100%

Fyrirframgreiðsla séreignar heimiluð að nýju og fjárhæð hækkuð

Með lagasetningu hefur verið opnað að nýju fyrir útgreiðslu séreignarsparnaðar til þeirra réttihafa sem þess óska. Heimilt er að taka út allt að 6,25 milljónir króna á 15 mánuðum, en úttektir á grundvelli fyrri lagasetninga um fyrirframgreiðslu séreignar dragast frá hámarksfjárhæðinni. Hámarksgreiðsla á mánuði er því 416.666 kr. að frádregnum tekjuskatti. Frestur til að sækja um útborgun séreignarsparnaðarinnar samkvæmt þessari tímabundnu heimild rennur út þann 30. júní 2012.

Boðaðar breytingar á skattlagningu iðgjaldahluta launþega

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012 er gert ráð fyrir lækkun á frádráttarbæru iðgjaldi sem ráðstafað er í séreignarsparnað úr 4% í 2% af launum. Verði frumvarpið lögfest mun sparnaður augljóslega minnka í þessu hagstæðasta sparnaðarformi landsmanna því launþegi þarf þá að takmarka framlag sitt í séreignarsparnað við 2% til þess að forðast tvískattlagningu. Rétt er að taka fram að ætlaðar breytingar hafa ekki áhrif á það að móttframlag atvinnurekenda verður eftir sem áður 2% af launum.

Kynningarfundir í vetur fyrir verðandi lífeyrisþega

Á þessu ári hafa verið haldnir tveir kynningarfundir fyrir væntanlega lífeyrisþega. Fundirnir mæltust mjög vel fyrir og hefur verið ákveðið að gera þá að föstum lið í starfsemi sjóðsins. Næstu fundir eru áætlaðir í febrúar 2012 og mun sjóðurinn senda út boðsbréf til þeirra sjóðfélaga sem eru að nálgast eftirlaunaaldur. Allir sjóðfélagar eru að sjálfsögðu velkomnir og geta áhugasamir forskráð sig með því að hringa í síma 510 5000 eða senda tölvupóst á mottaka@lifeyrir.is með upplýsingum um nafn, kennitölu og símanúmer.